


FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Fréttir og félagsmál

Á jörðu hér er lífað af öðru lífi og til annars lífs og í sambandi við líf í öðrum stöðum.

Helgi Pjeturss.



Útgefandi: Félag Nýalssinna.
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.
Pósthólf 1159, Reykjavík.

Umsjónarmaður:
Ingvar Agnarsson.

Eldvirkni á Mars

(Sjá forsíðumynd)

I.

Á síðari árum hefur tekist með geimflugum að kanna að nokkru yfirborð Mars, og má með réttu segja, að þar hafi opnast nýtt sjónarsvið, sem var mönnum hulið fram að þeim tíma.

Fyrstu greinilegar nærmyndir af Mars voru teknar 1971 og 1972, er tókst að koma geimfarinu *Mariner 9*, á braut um reiki-stjörnuna með myndavélar, er sendu ljósmyndir þráðlaust til jarðar. Kom þá vel í ljós, það sem áður hafði verið gert ráð fyrir, að eldvirkni á Mars er eða hefur verið mjög mikil. Margir gígur og hringmynduð fjöll komu í ljós.

Stórkostlegasta eldfjallið sem sést hefur á Mars er kallað *Nix Olympica*, og tekur að mikilleik fram öllum fjöllum, sem þekkt eru á okkar jörð. Það er hvorki meira né minna en 25 km á hæð upp yfir flatlendið í kring og þvermál þess að neðan um 500 km, eða álíka og öll lengd Íslands. Greinilega sjást storknaðir hraunstraumar niður eftir hlíðum þessa mikla fjalls. Sjálfur gígurinn á tindri fjallsins er um 70 km að þvermáli.

Um 12 stórir eldgígur hafa sést á myndum af Mars. Á Mars er lítið um vatn og loftið á stjörnunni er mjög þunnt. Vísindamenn gera því ekki ráð fyrir lífverum þar, í líkingu við þær sem á jörðinni eru. eru þó uppi ýmsar getgátur um smásæjar plöntur á stjörnunni.

II.

Mars hefur verið sú reikistjarnan í sólhverfi okkar, þar sem löngum hefur helst verið gert ráð fyrir vitsmunaverum. En nú orðið er það einróma álit allra, sem um þau mál fjalla á vísindalegan hátt, að svo muni ekki vera. Jörð okkar mun vera eina reikistjarnan innan sólhverfis okkar, sem fósstrar vitsmunaverur. En ótal önnur sólhverfi munu vera til í vetrarbraut okkar og í öðrum vetrarbrautum, og eru vísindamenn nú almennt orðnir þeirrar skoðunar, að víða muni þar finnast vitsmunaverur, sem sumar hverjar séu mannum miklu fremri að viti og öllu atgervi.

Þeir sem kynnt hafa sér kenningar dr. Helga Pjeturss, eru í engum vafa um, að skoðanir þessar séu réttar, því að Helgi

Frambald á bls. 18.

Fréttir af félagsstarfi

Félagsfundur 3. desember 1975.

Miðvikudaginn 3. des. 1975 var haldinn félagsfundur í Félagi Nýalssinna að Álfhólsvegi 121. 17 manns sóttu fundinn.

Formaður félagsins, Ingvar Agnarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Ritari las upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt óbreytt.

Bornir upp nýir félagar, en þeir voru: Ólafur Bjarnason, Öldugötu 25 Rvík, Sigrún Jónsdóttir, Kamsvegi 19 Rvík, Kristín Haraldsdóttir, Kamsvegi 22 Rvík, Guðni Þorvaldsson, Raufarfalli A-Eyjafj. og Anna Jónsdóttir, Ásbraut 7 Kópav.

Helgi Guðlaugsson ræddi síðan um minnisverða atburði síðasta mánaðar. Hann minntist þar á landhelgisdeiluna og mikið óveður sem geysaði á austfjarðamiðum og kom eins og í fang herskipa Breta og gerði þar nokkurn usla. Slysölduna á vegunum, sem nú virtist í rénum. Þá minntist hann á síðustu slys í sambandi við húsbruna. Þá gat hann þess að nú væri stofnað Félag Nýalssinna á Akureyri með tíu félögum. Einnig minntist hann á fundinn sem Nýalssinnar héldu í Norræna húsinu 13. nóvember og rakti nokkuð efni fundarins, sem hann taldi mjög frambærilegt. Taldi hann þó að fundurinn hefði mistekist vegna mannfæðar en ekki vegna efnisins og gæti verið ýmsu um að kenna. Þrír fundir hefðu verið haldnir í Norræna húsinu og væri hinn síðasti miklu verst sóttur. Þorsteinn Guðjónsson talaði næstur og gat um tvennt sem sér væri minnisstæðast. Það fyrra var úr þættinum „Maður er nefndur“, um Jón norðlenska bóndann, sem boðið hafði verið að halda fyrirlestur við Harvard háskóla í Bandaríkjunum. Jón þessi sagði frá merkilegum draumi þar sem hann dreymdi Jesú Krist. Hitt atriðið var um mann, sem í ræðu hafði minnst á líf á öðrum stjórnnum. Þá kvaðst Þorsteinn vilja árna hinu nýstofnaða Félagi Nýalssinna á Akureyri allra heilla.

Kjartan Norðdahl bar fram fyrirspurn um fjárhagslega útkomu

af fundinum í Norræna húsinu 13. nóv. Fundarstjóri kvað það ekki uppgert ennþá.

Pétur Gíslason kvaddi sér hljóðs og taldi að Nýalssinnar ættu að gera meira að því að bera saman bækur sínar við vísindamenn og fá þá til að glugga meira í fræði Nýalssinna og segja álit sitt á þeim.

Um þetta spunnust nokkrar umræður. Kjartan Norðdahl kvaðst hafa spurt einn vísindamann um hvers vegna þeir vísindamenn sýndu fræðum Nýals tómlæti. Svarið var: „Hef ekki áhuga á þeim fræðum, sem ekki snerta mína grein.“ Einnig tóku til máls um sama efni Helgi Guðlaugsson og Þorsteinn Guðjónsson.

Breytingar á lögum félagsins. Sigurður Ólafsson hafði hreyft þessu máli á stjórnarfundi en var ekki viðstaddur á félagsfundinum. Kosin var þriggja manna nefnd til að endurskoða og ef til vill breyta lögum félagsins. Þessir voru tilnefndir og samþykktir: Sigurður Ólafsson, Haukur Jónsson og Gunnar Grímsson.

Land félagsins í Laugardal. Þegar margir höfðu rætt þetta mál, sérstaklega skiptingu landsins lagði Kjartan Norðdahl til að umræðum um þessa skiptingu á landinu yrði frestað að sinni. Fleiri tóku til máls um þetta efni en menn urðu ekki á eitt sáttir. Tillaga var borin fram um að fundurinn yrði við tilmælum sameignarmanns um að hann fengi tunguna milli lækja, merkt A á korti, en Nýalssinnar bakkann vestan við lækinn. Atkvæði féllu þannig að 9 voru með en 5 á móti.

Önnur mál: Kjartan Norðdahl nefndi skemmdir á þaki húss Nýalssinna og var Pétri Ólafssyni falið að tala við Þóri Kristinsson um viðgerð.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundi slitið.

Ragnar Þorsteinsson, fundarritari.

Félagsfundur 7. janúar 1976 (útdráttur).

Þann 7. janúar 1976 var haldinn félagsfundur í Félagi Nýalssinna að Álfrólsvogi 121.

Formaður félagsins, Ingvar Agnarsson setti fundinn og skipaði síðan fundarstjóra Gunnar Grímsson.

Ragnar Þorsteinsson las upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt með nokkrum breytingum. Síðan var samþykkt sem meðlimur félagsins, Ragnheiður Ágústsdóttir, Reykjavíkurvegi 32, með öllum greiddum atkvæðum.

Þorsteinn Guðjónsson ræddi um minnisstæðustu atburði mán-

aðarins. Það markverðasta taldi hann útvarpserindi Þórarins Helgasonar um daginn og veginn. Þórarinn vék mjög að fræðum Nýals og taldi starf Nýalssinna mjög mikilvægt. Þá minntist Þorsteinn á slysaöldu þá, sem gengið hefur yfir landið, en hefði þó rénað snögglega er læknar gengu á fund dómsmálaráðherra. Einnig drap hann á jarðskjálftana og eldgosíð, líka landhelgisdeiluna.

Næstur tók til máls Pétur Gíslason og ræddi um þá sem sagt hefðu sig úr félaginu og hvort ekki mætti finna einhverjar ástæður.

Þorsteinn Guðjónsson tók aftur til máls og tilkynnti um bóka-gjöf frá Stefáni Thorarensen.

Ingvar Agnarsson ræddi umsjón með mánudagsfundum. Hann beindi þeirri spurningu til fundarmanna hvort ekki mætti hafa sömu tilhögun eftirleiðis og hefði verið á þessum fundum undanfarið.

Helgi Guðlaugsson bætti nokkru við þetta efni og taldi að meira þyrfti að gera fyrir þessa fundi, en að einhver einn maður segði nokkur orð, t. d. þyrfti betri stjórn á því hverjir sæktu þessa fundi. — Þorsteinn G. talaði einnig um þetta mál. Hann taldi starfsemina ekki ganga nógu vel, en meðan ekki yrði dottið niður á hagkvæmara fyrirkomulag, þyrfti að halda þessu gangandi.

Helgi bar næst fram tillögu um að vísa áðurnefndu efni til stjórnar félagsins og var hún samþykkt. Helgi tók aftur til máls og ræddi um fyrirhugað starf á árinu. Helstu verkefni væru: Efling félagsstarfsins; Koma upp starfsmiðstöð miðsvæðis í Reykjavík; Undirbúa félagsfundina betur; Fá þyrfti menn til að ræða vísindaleg efni. — Drap hann einnig á aukna kynningarstarfsemi í þágu félagsins til að kynna félagsstarfsemina út á við. Þá ræddi hann um útgáfu tímarits félagsins og taldi nauðsynlegt að bæta þar um verulega.

Þorsteinn G. talaði næstur og ræddi um svipað efni og Helgi og lagði hann til að sem flestir styddu það tímarit sem út kæmi á vegum félagsins „LÍFGEISLA“. — Pétur Gíslason ræddi svipað efni og hinir en taldi þó að verja þyrfti meiru af efni tímaritanna til að kynna rit Helga Pjeturss.

Kjartan Norðdahl kvaddi sér hljóðs og flutti eins konar áramótahugleiðingu um hvernig ástandið væri í þessu félagi um þessi áramót. Ingvar Agnarsson ræddi um útkomu „LÍFGEISLA“ og gat nokkurra manna, sem aðstoðað hefðu við útbreiðslu þeirra. Fleiri tóku til máls um þessi tímaritsmál. Helgi G. bar upp svoljóðandi tillögu: „Fundurinn samþykki að kjósa þriggja manna

nefnd til að endurskoða tímaritsútgáfu Félags Nýalssinna og gera tillögur um framtíð hennar, um útbreiðslu ritsins „LÍFGEISLA“ og hvernig útgáfunni verði hagað og stjórnað.“ — Tillaga frá Péttri Gíslasyni um að fresta tillögu Helga var samþykkt með tíu atkvæðum gegn einu.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.

Ragnar Þorsteinsson, ritari.

Félagsfundur 4. febrúar 1976.

Ingvar Agnarsson form. félagsins setti fundinn og stjórnaði honum. Lesin var upp fundargerð síðasta fundar og samþykkt með nokkrum breytingum.

Tveir menn höfðu sótt um inngöngu í félagið, Gunnar Vilhjálmsson, Þorgeirsstöðum og Árni Vigfússon, Hlaðbæ 20, Rvík. Voru þeir samþykktir með lófataki.

Því næst tók Helgi Guðlaugsson til máls og minntist eins látins féлага, Geirs Ólafssonar bakara, sem hann sagði hafa verið traustan og mikilhæfan félagsmann. Ingvar Agnarsson tók undir mál Helga og bað menn auðsýna hinum látna virðingu með því að rísa úr sætum.

Þorsteinn Guðjónsson flutti minningargrein um Geir Ólafsson, og tók mjög í sama streng og hinir. Síðan ræddi hann um starfsemi félags Nýalssinna út á við, sambandsfundi, kynningarfundir og ýmsa tilraunastarfsemi. Þá drap hann á tilgang félagsins, samanber 2. gr. félagslaga og væri til íhugunar. Félag Nýalssinna er samtök þeirra, sem hafa gert sér ljósa kenningu Nýals og viðurkennt gildi hennar. Tilgangur félagsins væri að vekja athygli á þessari kenningu og starfa að vísinda- og framfaramálum á grundvelli hennar.

Gunnar Grímsson taldi vart til bóta að breyta umræddri grein.

Formaður gat þess nú að kjósa þyrfti þrjá menn í uppstillingarnefnd til stjórnarkjörs.

Pétur Gíslason ræddi stefnu félagsins.

Helgi G. bar fram tillögu um menn í uppstillingarnefnd og nefndi Sigurð Guðmundsson, Vörðufelli, Sigríði Jónsdóttur og Benedikt Björnsson, og voru þau kosin. Sigurður með 10 atkv., Sigríður með 15 atkv. og Benedikt með 12 atkv., Þorsteinn Guðjónsson fékk 6 atkv.

Formaður bar nú fram beiðni um tillögu um mann í laganefnd í stað Sigurðar Ólafssonar. Stungið var upp á Kjartani Norðdahl

sem var kosinn, fékk 10 atkv., Ægir Ólafsson fékk 2 atkv., og Sveinbjörn Þorsteinsson fékk 3 atkv.

Félagsmál: Formaður talaði um hvort ekki ætti að efna til kynningarfundar. Taldi hann að efni um Endurholdgun kæmi vel til greina og að Nýalssinnar væru vel færir um að krifja það mál. Pétur Gíslason vildi láta efni fyrirhugaðs kynningarfundar heita: „Hvernig líkannast menn á öðrum stjörnum.“ Nokkrar fleiri uppástungur komu fram. Pétur vildi að talað væri við líffræðinga út af efni á kynningarfundi.

Formaður ræddi því næst um tímaritsútgáfuna. Hann taldi að fimm blöð myndu koma út á árinu 1976, og kvaðst álíta hæfilegt árgjald kr. 1000. Voru menn yfirleitt sammála um þetta

Helgi Guðlaugsson bar því næst upp svo hljóðandi tillögu frá stjórn félagsins: „Fundur í Félagi Nýalssinna, 4. febrúar 1976, harmar brottför nokkurra ágættra félagsmanna á síðast liðnu hausti og væntir þess að þeir sjái sér fært að koma sem fyrst aftur til starfa í félaginu. Teldust úrsagnir þeirra þá um leið ógildar orðnar.“ Tillagan var samþykkt samhljóða.

Önnur mál: Ragnar Alfreðsson tók til máls og taldi sig standa í þakkarskuld við þennan félagsskap, vegna þess að kenningar dr. Helga Pjeturss hefðu bjargað sér úr miklum vanda og erfiðleikum.

Pétur Gíslason talaði um svipað efni og síðasti ræðumaður og aftur talaði Pétur um sameiginlega menningu Íslendinga, Norðurlandanna, Skota og Englendinga.

Fleira ekki fyrir tekið. — Fundi slitið.

Ragnar Þorsteinsson, fundarritari.

Stofnun Félags Nýalssinna á Akureyri.

Stofnfundur var haldinn kl. 15,30 að Hótel Varðborg, Akureyri, 15. nóvember 1975, til að athuga þann möguleika að stofna félag, sem hefur það markmið að breiða út kenningar dr. Helga Pjeturss.

Þorbjörn Ásgeirsson setti fundinn og las lög Félags Nýalssinna í Reykjavík og bar fram þá ósk, að lög þessi verði samþykkt á aðalfundi sem lög félagsins hér á Akureyri, en þó með smá breytingum ef til félagsstofnunar kæmi. Daníel Ingi Pétursson las kafla úr

Nýal, Önnur uppgötvanasaga. Síðan las Þorbjörn erindi, sem hann var höfundur að.

Nokkrar spurningar komu fram um starfsemi og eðli Nýalssinna. Þorbjörn varð fyrir svörum. Kosning fór fram um að stofna Félag Nýalssinna á Akureyri. Allir fundarmenn samþykktu einróma. Með samþykki allra fundarmanna skipaði Þorbjörn í stjórn félagsins til eins árs:

Form. Þorbjörn Ásgeirsson, Þórunnarstræti 127, Akureyri
Ritari Guðbjörg Kortsdóttir, Þórisstöðum, Svalbarðsströnd
Gjaldkeri Daníel I. Pétursson, Áshlíð 13, Akureyri
Varam. Jóhannes Baldvinsson, Byggðavegi 136, Akureyri

Aðrir stofnendur voru:

Gyða Jónsdóttir, Sólgarði, Hjalteyri
Ester Vagnsdóttir, Einholti 4E, Akureyri
Gyða Jónsdóttir, Akurgerði 1F, Akureyri
Gunnlaugur Júlíusson, Akurgerði 4, Akureyri
Guðmundur St. Jacobsen, Byggðavegi 142, Akureyri
Ólafur Eggertsson, Kringlumýri 7, Akureyri.

Aðalfundur 11. janúar.

Fyrsti aðalfundur Félags Nýalssinna á Akureyri var haldinn á Hótel Varðborg sunnudaginn 11. janúar s.l. kl. 15.00.

Formaður setti fundinn og var fundarstjóri. Hann bað Daníel I. Pétursson að taka að sér ritarastörf vegna forfalla ritara. Tveir nýir félagsmenn gengu í félagið. Nöfn þeirra voru lesin upp og samþykkt einróma af fundarmönnum. Þeir sátu ekki fundinn. Sveinn Bjarman, Skarðshlíð 8A og Pétur Þ. Stefánsson, Reynilundi 7, báðir á Akureyri.

Kosnir voru tveir endurskoðendur, Ester Vagnsdóttir og Guðmundur St. Jacobsen, Ólafur Eggertsson var kosinn annar vara-
maður. Þorbjörn Ásgeirsson lagði fram breytingartillögu á lögum Félags Nýalssinna í Rvík. Hún var samþykkt sem lög Félags Nýalssinna á Akureyri. Þorbjörn lagði til að stjórnin hefði samband við miðil til að geta haldið miðilsfund, þar sem félagið hefði enga miðla. Það var samþykkt. Ester Vagnsdóttir kom með þá tillögu að félagið gerðist áskrifandi að einhverju vísindariti, og var það samþykkt. Þorbjörn bar fram þá tillögu að árgjald félagsins yrði kl. 1000 og að ævifélagsgjald yrði kr. 10.000. Það var samþykkt. 7 manns sátu fundinn. Fundi slitið kl. 18.18.

Tilraunamiðilsfundur.

Þriðjudaginn 27. janúar 1976 var haldinn tilraunamiðilsfundur að Farfuglaheimilinu á Akureyri kl. 20,30. 9 manns sátu fundinn. Fundargestir sátu í hring og héldust í hendur. Ekkert markvert gerðist en þó mátti merkja, að tveir fundargestir, Daníel I. Pétursson og Pétur Þ. Stefánsson urðu varir við nokkuð sterka mögnun.

Þorbjörn Ásgeirsson.

Ýmsir atburðir

Atburðir í desember 1975.

Þegar talað er um atburði einhvers mánaðar á fundi Nýalssinna hlýtur sú spurning að vakna hvort tala skuli um atburðina eins og þeir horfa við hinu nýalska sjónarmiði eða frá almennu sjónarmiði. Því að ennþá verður naumast talað um hið Nýalska sjónarmið sem almennt og ríkjandi, þó að sitthvað hafi nú heldur færst í þá átt en hins vegar mun enginn neita því sem þekkir málefni Nýals, að það hlýtur að hafa veruleg áhrif á afstöðu manna til hinna ýmsu mála. Hitt verður þó einnig að líta á að meðan þessi skilningur er ekki hinn ríkjandi verður einnig að kunna að setja sig í spor þeirra sem ekki horfa út frá honum, og það er það sem kalla mætti að tala út frá almennu sjónarmiði.

Þess er þá fyrst að geta um atburði í desember, sem allir vita að barátta hefur verið háð af hendi Íslendinga fyrir réttinum til að marka sér landhelgi, en sú barátta er ekki án ýmissar áhættu. Frá almennu sjónarmiði er þetta barátta þjóðarinnar fyrir rétti sínum, — og má reyndar minna á það að Helgi Pjeturss mun hafa orðið einna fyrstur ef ekki fyrstur til að leggja til að Íslendingar eignuðu sér landgrunnið allt. En sé horft frá hinu nýalska sjónarmiði á þessa baráttu í heild, milli tveggja þjóða þá kemur annað í ljós, en það er hættan á andstillingu. Viðureign sem byrjar með tiltölulega vægilegum athöfnum, getur átt á hættu að magnast stig af stigi uns í fullt óefni er komið. Þar geta helstefnuáhrif náð að koma sér við, en það er það sem allra helst þarf að vera hægt að komast hjá.

Aðrir atburðir urðu í þessum mánuði einnig sem minna mættu á hve ótryggt er margt nú og „óvíst að vita“. Eldur kom upp, það er hraungos, norður í Þingeyjarsýslu, lítið að vísu en á eftir fylgdu landskjálftar svo miklir að eitt þorp, Kópasker, varð illa úti og var flest fólkið flutt á burtu, um tíma. Einhvers staðar segir Helgi Pjeturss að landskjálfti, sem varð alllöngu fyrir Íslands-

byggð, hafi verið svo mikill að varla hefði nokkurt hús staðið uppi á Suðurlandi, ef þá hefði verið byggð þar. Réði hann þetta af ummerkjum í landslagi.

Af nýölskum viðburðum ef svo mætti segja verður mér jafnan minnisstætt úr sögu þessa mánaðar hið ágæta útvarpserindi sem félagi okkar Þórarinn Helgason flutti þann 15. desember — í „Deginum og veginum“. Þar var vel haldið á málum okkar og einmitt á þann hátt að vekur hið rétta traust.

Lífgeislar komu út í þessum mánuði, eða skömmu fyrir mánaðarmót, og var aðalefni þeirra í þetta sinn hinir „fljúgandi diskar“ eða þau fyrirbæri sem nefnd hafa verið þessu skritna nafni. Þetta var hið fjórða hefti Lífgeislanna.

Á gamlársdag átti Félags Nýalssinna aldarfjórðungsafmæli því að það var stofnað 31. des. 1950, og var framhaldsstofnfundur hálfum mánuði síðar. Fundarmenn á þessum tveim stofnfundum voru samtals sextán, en samþykkt var að telja alla stofnendur sem gengju inn fyrir fyrsta aðalfund.

Þorsteinn Guðjónsson.

Atburðir í janúar 1976.

Af atburðum janúarmánaðar eru mér minnisstæðust tvö samtöl sem ég átti sama daginn við fólk sem ég kannast nokkuð við. Annað þetta samtál átti ég við sessunaut minn í strætisvagni, en hitt var símtal. Í báðum þessum samtölum sögðu viðtalendur mínir, að þau yrðu vör við vaxandi fylgi við málstað Nýals. Konan sagði, að stundum segði fólk við sig, að þetta væri það eðlilegasta og skiljanlegasta sem það hefði lesið um þessi efni, það er lífið eftir dauðann. Úr því að fólk er farið að segja þetta „stundum“, hljóta það að vera orðnir nokkuð margir sem hafa látið sér skiljast á þessa leið. Maðurinn sem ég varð samferða í strætisvagni sagði að það væri allt annað en áður að hafa orð á þessu við menn. Hann sagði að menn væru yfirleitt ekki orðnir neitt feimnir eða tregir til að ræða „þessi mál“. (Þ. e. mál sem varða líf eftir dauðann, og leggja menn þá gjarnan að jöfnu Nýalsstefnu og spíritisma í fyrstu. En svo þegar farið væri að ræða málin hefði Nýalsstefnan betur. Mörgum þætti það traustvekjandi að höfundur þeirrar stefnu hefði verið vísindamaður, jarðfræðingur. Það að maðurinn hafði verið jarðfræðingur, þykir mörgum benda til þess að hann hafi byggt á einhverju staðgóðu og áreiðanlegu. — Þó að þessar fréttir láti ekki mikið yfir sér, þá þarf að minnsta kosti

ekki að segja hinum eldri Nýalssinum hvað þetta eru í raun og veru góðar fréttir. Það orð sem fer af Helga Þjeturss og verki hans er greinilega þó nokkuð annað en við áttum að venjast lengi fram eftir. Og það er ekki lítið undir því komið hvert orðsþorið er og í hvaða átt það beinist.

Annað sem mér þótti einnig athyglisvert í ræðu þessa sessu-nautar míns var það, hvernig hann taldi að Félag Nýalssinna tengd-ist þessu mikla sambandsmálefni í hugum manna. Það var eitthvað á þá leið, að í fyrsta lagi færi fram einhver starfsemi á vegum þess félags, en slíkt gefur málefninu jafnan nokkuð annan blæ heldur en ef málefnið væri eingöngu í bókunum, og í hugum einhverra sem lesa. Í öðru lagi það, að menn hefðu yfirleitt þá hugmynd að um góða starfsemi væri að ræða, eitthvað sem væri betur gert en ógert. Eða með öðrum orðum, það orð fer af félaginu, að þar séu ráðvandar menn og velviljandi að verki. — Þetta síðasttalda er nú reyndar það sem allt veltur á. Því væri það ekki þá væri allt annað til ónýtis orðið. Gagnvart stilliáhrifum og öllu öðru væri það til að ónýta allt okkar starf, ef menn yrðu þess varir, að hér væri ekki allt með heilindum unnið, og er vonandi að eðlisávisun manna, sem stundum er furðu glögg og skörp, þurfi aldrei hér að finna annað en það, sem hún réttilega ætlast til af okkur, sem er-um að fást við þetta málefni.

Annað sem til tíðinda varð í málefnum félagsins þennan mánuð var það að út kom eitt hefti af Lífgeislum og eitt af Félagsblaði. Vel er það orðið að slík blöð koma nú nokkurn veginn reglulega út, og ættu félagsmenn að sýna stuðning sinn í verki með því að afla áskrifenda að Lífgeislum, og mun lítils við þurfa að þeir fái verulega útbreiðslu.

Af sambandsfundum er það að segja, að þeir hafa enn haldið áfram eins og áður, og á einum mánudagsfundinum, sem ég sat, var allt í einu komið á þriðja tug fundargesta, nær allt félagsmenn, án þess að nokkuð hefði verið gert til þess að safna fólki þar saman. Þess háttar samhugur finnst mér alltaf bestur, sem myndast eins og sjálfkrafa og án verulegrar skipulagningar. En þetta er þó engin regla. Einum hentar þetta og öðrum hitt, og einni manngerðinni annað en hinni. Ýmsir sérfundir hafa verið haldnir, t. d. lækningafundir, og munu þeir stundum hafa verið haldnir vegna sérstakra þarfa einhverra sem sjúkir eru. Um ár-angur þeirra yfirleitt kann ég ekki að dæma, en hitt er ég viss um, að dæmi eru til um óvæntan bata í sambandi við slíka fundi

og jafnvel ólíkindalegan. — Líffræðingar voru hér með nokkra fundi, og skildist mér við lauslegt samtal, að þeim hefði fundist árangur markverður. — Auk mánudagsfunda hefur fimmtudagsfundum verið fram haldið, og má telja að þeir séu nú orðnir að nokkurs konar framhaldi föstudagsfunda nefndarinnar, — og þó jafnframt hinna upphaflegu fimmtudagsfunda sem áður voru.

Frá félagsstarfi Nýalssinna á Akureyri berast okkur jafnan einhverjar fréttir, og munu menn þar vera virkir og vakandi gagnvart þessum málum. Einn skrifaði mér: hinir (sem ekki eru komnir í félagið) eru farnir að vita meira um Nýal en ég, og *það líkar mér sannarlega vel*. Þessi orð bera vott um hinn sanna sóknarhug. Með því að hugsa þannig geta menn orðið hinir ágætustu stillar. En slíkir vitstillar og vaxtarstillar eru það fólk, karlar og konur, sem mest þörf er á að hreyfing okkar eignist.

Þetta mánaðayfirlit vil ég enda með því að vara við þeim hættum sem nú eru framundan með þjóð okkar, og vil ég þar enn minna á það sem talaðist í nafni Egils Skallagrímssonar á sambandsfundi þann 15. des. 1975. Hygg ég að Egill hafi þar horft bæði langt og skammt og ekki síður til þeirra vikna sem nú eru framundan en þeirra sem þá voru næstar. Vitsmunir Egils voru frábærir, þegar í hinu fyrra lífi hans, og ekki er að efa að hann mun þjóð vorri hollur á þeim örlagatímum sem nú eru framundan. En hvað mætti þá verða til bjargar frá þeim voða sem aðsteðjandi er? Það eru stilliáhrif. Þeir sem eiga sér forustumenn, eiga að hugsa um að stilla þá til hófsemi og réttisýni. Þetta er tiltölulega auðvelt, ef menn vita nógu vel af mætti hugar síns. Forustumennirnir eru yfirleitt ekki verri en svo, að góðar hugsanir ná yfirleitt auðveldlega til þeirra ef þeim er þangað beint. Allar ögrunar- og æsingaraddir munu samstundis hjaðna, ef menn skilja hvað það er nauðsynlegt einmitt núna að stýra framhjá þeim háska, sem forfaðir okkar allra hefur víslega sagt, að framundan væru á vegi þjóðarinnar.

Þorsteinn Guðjónsson.

Atburðir í febrúar 1976.

Eins og jafnan þegar leitað er yfirlits um atburði frá sjónarmiði Nýals hlýtur að verða að greina á milli hinna almennu atburða og svo þeirra, sem sérstaklega varða málefni Nýals og Félags Nýalssinna. Í febrúar dró til mikilla atburða hér á landi, þar sem voru landhelgismál og verkfallsmál, og mátti vart sjá, að hvort tveggja þau mál hefðu getað haft hinar alvarlegustu afleiðingar í för með sér. Nefna má hin þriðju mál, en það eru glæpamálin, sem illkynjaðri virðast vera en flesta hefði getað órað fyrir á landi hér. Glæpamálin munu menn vera sammála um að telja ill mál og merki þess að illa sé komið framvindunni, verkfallsmál munu menn dæma nokkuð misjafnt eftir því hvaðan þeir standa að, en landhelgismál munu flestir telja gott mál og réttlátt af hendi Íslendinga og á fullum rökum byggt. Og ýmsir Nýalssinnar og aðrir munu vera þess minnugir að höfundur Nýals er jafnframt hinn fyrsti frömuður þeirrar stefnu að a. m. k. landgrunnið skuli vera undir yfirráðum Íslendinga. Taldi höfundur Nýals að auðvelt yrði að fá aðrar þjóðir til samninga um þetta ef önnur mál enn mikilsverðari væru borin fyrir því. En það hefur verið gert og tel ég þar vera aðalástæðuna til þess hve seint og erfiðlega hefur gengið með þessi mál. Menn mættu minnast þess að árið 1905 og 1929 datt engum í hug að kalla landgrunnið hluta af Íslandi eða að Ísland ætti að eiga rétt til fiskimiðanna yfir því, nema jarðfræðingnum dr. Helga Pjeturss.

Frá sjónarmiði Nýals hljóta glæpir eins og þeir sem nú er orðið að nokkru uppvíst um, að vera merki um helstefnusambönd af því versta tagi sem hér hefur nokkru sinni orðið. Er athyglisvert mjög að slíkt hefur náð að þróast í sambandi við skemmtanalíf borgarinnar, og þá reyndar einnig stjórnmalalíf hennar. Á útmánuðum 1975 bauð ég kunnum ritstjóra grein, þar sem ég benti á glæpafélög borgarinnar, sem mörg morð hefðu framið og enginn skipti sér af. Greinin var ekki birt, en mér þótti fróðlegt að sjá svipbrigðin á andliti mannsins meðan hann las. Ég þóttist mega lesa það úr þeim, að honum væri ekki grunlaust um að satt væri sagt, og eins hitt að honum þætti ekki árennilegt að birta slíka grein.

Það er vissulega meir en lítið alvarlegt mál, að slíkt hefur hér náð að þróast, en enn alvarlegra er þó hitt, að ekki skuli vera gerð nein gangskör að því að upplýsa öll slík mál undir eins og vart verður við þau. — En hitt tel ég líka jafn víst, að undireins

og nokkur þingmaður hefði dád í sér til að minnast á slík mál í réttu sambandi, mundi fara að létta yfir þeim og helstefnan með leynd sinni og skoðanakúgun ekki ná sér niðri á sama hátt og nú hefur gerzt. — Það hefur komið fyrir stöku sinnum að þingmenn og aðrir hafa borið sér í munn orðið helstefna, en það hefur jafnan í þeirra munn verði aðeins áhersluorð gagnvart einhverjum andstæðingi og þar af leiðandi merkingarlaust: þróunarskilningur hefur þar á engan hátt komist að. Slíkt er óhæfa eins og öll önnur rangtúlkun á málefni Nýals, og hverju einu sönnu og vísindalegu efni.

Frá sjónarmiði Nýals hlýt ég að telja verkfalls- og verkbanmsmál til andstillingaratburða, og þar af leiðandi ekki í framfaraátt, og er þó mikill munur á þeim og eiginlega illum atburðum. Það má telja víst að á samningafundum hér hafi ríkt góður vilji flestra sem þá sátu, og dálítið gaman hafði ég af því að sjá í sjónvarpi — í samtali vinnuveitanda og launamanns sem áttst höfðu þarna við, að undir eins og þeir nefndu Egil Skallagrímsson fór þeim að koma betur saman. En það var einmitt Egill sem spáð hafði því á fundi Nýalssinna í desember, að óeiningar- og sundrungartímar væru framundan með þjóðinni — og tel ég að hann hafi af alefli reynt að greiða úr þeim málum.

Af fyrirbærum innan félags eða utan, í febrúarmánuði, kann ég ekkert að segja, og þykir mér líklegt að hinir fyrirferðarmiklu atburðir hafi dregið kraftinn frá slíkum hlutum, sem einungis ná fram að koma þegar stilling ríkir og jafnvægi. Hávaðinn og glamrið er það sem óskyldast er hinum sönnu fyrirbrigðum lífsins, og þess vegna getur þetta tvennt sjaldnast farið saman.

Af starfsemi félagsins er það helst og best að fréttu að aðsókn að sambandsfundum félagsins hefur farið vaxandi, og eru það mánudagsfundirnir sem hafa tekið til sín megnið af þeim vexti. Fimmtudagsfundirnir hafa einnig nokkuð hjarnað í skjóli þeirra, en hinir skipulögðu föstudagsfundir nefndarinnar virðast hafa lagst niður að fullu og öllu.

Þorsteinn Guðjónsson.

Úr huldarmálum frá horfinni tíð

Þei, þei og haf ei hátt,
hér dunar undir,
er stigið ekki smátt
um fold og grundir.

Við skulum ekki hafa hátt,
hér er margt að ugga.
Ég hef heyrt í alla nátt,
andardrátt á glugga.

Það er svo margt í þokunni býr,
ég þori ei einn að ríða,
mísjöfn dýr
mörg um skóginn skríða.

Sjáðu við þokunni,
sem situr í fjöllumunum.

Bármikill sjór
blekkir mig ekki,
við logn er ég hálfu hræddari.

Gefur sér enginn gæfu
gildur, þó feginn vildi.

Nokkrar ljóðaperlur

Eitt bros getur dimmu í dagsljós breytt,
sem dropi breytir veig heillar skálar.
Þel getur snúist við atorð eitt.
Aðgát skal höfð í nærveru sálar.
Svo oft leyndist strengur í brjósti, sem brast
við biturt andsvar, gefið án saka.
Hve iðrar margt líf eitt augnakast,
sem aldrei verður tekið til baka.

Einar Benediktsson.

Fyrir sigri sannleiks bið,
sem að vondir níða;
sannleik veittu sjálfur líð,
sjálfur þorðu að líða.

Steingrímur Thorsteinsson.

Er nokkuð svo helsnautt í heimsins rann
sem hjarta, er aldrei neitt bergmál fann, —
og nokkuð svo sælt sem tvær sálir á jörð,
samhljóma í böli og nauðum?

Einar Benediktsson.

Einum hvað
ómar sem hlátur,
öðrum það
ymur sem grátur.

Steingrímur Thorsteinsson.

Lífstjarnan hafbláa himinsins sjálfs
horfir svo fölleit til norðursins manna,
heimtar þá utar, herra að kanna,
svo heimurinn verði af efanum frjáls.

Einar Benediktsson.

Sér til happs að hrella mann
hefnir sín með árum;
Flý sem helið fögnuð þann,
er fæst með annars tárur.

Steingrímur Thorsteinsson.

Orðsending vegna Lífgeisla

Eins og kemur fram í orðsendingu í LÍFGEISLUM, 6. hefti, hækkar verð þessa árgangs, 1976, upp í kr. 1000.00 og er gert ráð fyrir að út komi a. m. k. 5 hefti, hvert 36 bls. Auk þess verður sú breyting á að LÍFGEISLAR verða nú ekki lengur sendir ókeypis til félagsmanna.

Vonast er eftir að hver félagsmaður sjái sér fært að gerast hér eftir sérstakur *áskrifandi að Lífgeislum*, og sendi sem fyrst áskriftargjaldið, kr. 1000.00. Með þessu móti gæti hver einn félagsmaður mjög létt undir útgáfu þessa rits, og treystum við því, að hver einn sýni málefnum félagsins stuðning með þessu móti.

Ennfremur er þess vænst, eins og jafnan áður, að allir félagar leggi sig fram um að afla LÍFGEISLUM sem flestra nýrra áskrifenda.

FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA mun aftur á móti verða sent öllum félagsmönnum eins og áður, án sérstaks gjalds, en innifalið í félagsgjaldinu.

*F.b. Félags Nýalssinna,
Ingvar Agnarsson.*

— Eldvirkni á Mars

Framhald af bls. 2.

styður kenningar sínar, um líf á stjörnunum, svo sterkum rökum, að um annað getur naumast verið að ræða, auk þess sem ýms fyrirbæri, sem hér á jörðu gerast, er naumast hægt að útskýra á annan hátt en þann að þar sé um að ræða áhrif frá íbúum fjarlæggra stjarna og sambandi jarðarbúa við lífmagnaðar verur annars staðar í alheimi.

Ingvar Agnarsson.

Heimildir: La nouvelle astronomie — science de l'univers, eftir Jean-Claude Pecker o. fl. — Astronomy: Fundamentals and Frontiers, eftir Robert Jastrow o. fl.

Verðskrá yfir Nýala

Verðskrá yfir Nýala dr. Helga Pjeturss. Útgáfan 1955.

NÝALARNIR allir, í skinnbandi, sex bindi, 1918 bls. Kr. 10.000

NÝALL, stakur, í skinnbandi, 515 bls.	Uppseldur
ENNÝALL, stakur, í skinnbandi, 275 bls.	— 1.500
FRAMNÝALL, stakur, í skinnbandi, 324 bls.	— 2.000
VIÐNÝALL, stakur, í skinnbandi, 146 bls.	— 1.000
SANNÝALL, stakur, í skinnbandi, 250 bls.	— 1.500
ÞÓNÝALL, stakur, í skinnbandi, 408 bls.	— 2.500

NÝALL, stakur í shirtingsbandi	Uppseldur
ENNÝALL, stakur í shirtingsbandi	— 1.200
FRAMNÝALL, stakur í shirtingsbandi	— 1.500
VIÐNÝALL, stakur í shirtingsbandi	— 700
SANNÝALL, stakur í shirtingsbandi	— 1.000
ÞÓNÝALL, stakur í shirtingsbandi	— 2.000

NÝALL, stakur, heftur	— 1.500
ENNÝALL, stakur, hefur	— 800
FRAMNÝALL, stakur, heftur	— 1.200
VIÐNÝALL, stakur, heftur	— 500
SANNÝALL, stakur, heftur	— 800
ÞÓNÝALL, stakur, heftur	— 1.500

ENNÝALL, stakur, heftur, frumútgáfa

(Um 100 eintök)

Eins og sést á framangreindum verðlista eru Nýalarnir enn til í heildum, í *skinnbandi*, en upplagið af þeim er mjög til þurrðar gengið.

Af öðrum Nýölum, stökum, sem nefndir eru í verðskránni, eru af sumum aðeins örfá eintök eftir en af öðrum meira.

Bækurnar eru til sölu hjá:

FÉLAGI NÝALSSINNA,

Álfhólsvegi 121 í Kópavogi, sími 40765.

Skriflegar pantanir má einnig senda í Pósthólf 1159, Reykjavík.

EFNISYFIRLIT

Eldvirkni á Mars. I.A. (Sjá forsíðumynd)	Bls.	2
--	------	---

FRÉTTIR AF FÉLAGSSTARFI:

Félagsfundur 3. desember 1975	—	3
Félagsfundur 7. janúar 1976 (útdráttur)	—	4
Félagsfundur 4. febrúar 1976	—	6
Stofnun Félags Nýalssinna á Akureyri	—	7
Aðalfundur 11. janúar	—	8
Tilraunamiðilsfundur	—	9

ÝMSIR ATBURÐIR:

Atburðir í desember 1975. Þ.G.	—	10
Atburðir í janúar 1976. Þ.G.	—	11
Atburðir í febrúar 1976. Þ.G.	—	14
Úr huldarmálum frá horfinni tíð	—	16
Nokkrar ljóðaperlur	—	17
Orðsending vegna Lífgeisla. I.A.	—	18
Verðskrá yfir Nýala dr. Helga Pjeturss	—	19

Stjornusambandsstöðin, Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.
Almennir félagsfundir eru þar fyrsta miðvikudag hvers mánaðar
kl. 9 e.h. Umsjónarmaður: Sveinn Haraldsson.